

Norðurþing  
Gaukur Hjartarson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20140200014/ksj

### **Tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði á Bakka Húsavík, Norðurþingi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 3. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir hluta iðnaðarsvæðis á Bakka Húsavík (lóð undir steypustöð), Norðurþingi.

#### **Lóð fyrir steypustöð**

Fram kemur í greinargerð að skipulagssvæðið er í heild 6,6 ha en væntanleg lóð fyrir steypustöð er áætluð 4,2 ha en auk þeirrar lóðar eru skilgreindar tvær iðnaðar-/þjónustulóðir.

#### **Fráveita**

Fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögu að gert sé ráð fyrir tvískiptu fráveitukerfi, regnvatns- og holræsalagna og að almennt skólp verði leitt með holræsalögnum að eins þrepa skólphreinsistöð niður við Bakkakrók. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að eins þrepa skólphreinsistöð verði ekki reist á svæði á náttúruminjaskrá, heldur verði staðsett sunnar svo Bakkahöfðinn haldi verndargildi sínu.

Einnig kemur fram að skólp frá iðnaðarferli eða mengandi starfsemi eigi ekki að fara í gegnum hreinsunarferli almenns skólps sbr. reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, heldur verði frárennsli frá iðnaðarstarfsemi leyst af lóðarhafa með tilheyrandi hreinsunarferlum áður en það er leitt í regnvatnskerfi eða beint til sjávar. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram í greinargerð þær kröfur sem gerðar eru til frárennslis sem fer í regnvatnskerfi, eða er leitt beint til sjávar.

#### **Iðnaðarlóð skilmálar**

Í greinargerð kemur fram eftirfarandi varðandi hámarkshæð bygginga á lóð G: að 50 % af grunnfleti byggingar verði 6m há, 20% verði 12 m há og 30% verði 20 m há.

Að mati Umhverfisstofnunar munu svo há sementssíló ekki fara vel á svæðinu og telur stofnunin mikilvægt að við hönnun bygginga verði skoðað vandlega hvar staðsetja skuli hæstu byggingarhluta svo neikvæð sjónræn áhrif verði sem minnst, sérstaklega þar sem skipulagssvæðið er staðsett í nágrenni náttúruminja.

Virðingarfyllst

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

